

Fundargerð 980. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, þriðjudaginn 27. maí kl. 11:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Kjartan Magnússon, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Hjördís Ýr Johnson, Júníana Björg Óttarsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Kjartan Magnússon mætti í hennar stað. Rósa Guðbjartsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Hjördís Ýr Johnson mætti í hennar stað. Einar Brandsson boðaði forföll, varamaður hans Júníana Björg Óttarsdóttir mætti í hans stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 979. fundar - 2410016SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 979. fundar stjórnar Sambandsins frá 16. maí 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Skipurit Sambandsins - 2303020SA

Lagt fram sem trúnaðarmál minnisblað framkvæmdastjóra Sambandsins, dags. 23. maí 2025, um uppfærslu á skipuriti Sambandsins 2025. Framkvæmdastjóri geri grein fyrir tillögu að uppfærðu skipuriti og fór jafnframt yfir árangurs Sambandsins á kjörtímabilinu.

Stjórn samþykkir tillögu framkvæmdastjóra að uppfærðu skipuriti.

3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA

Lagðar fram fundargerðir 35., 36. og 37. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 19. febrúar, 19. mars og 21. maí 2025.

Einnig lagt fram minnisblað til fjármála- og efnahagsráðherra og ráðuneytisstjóra, dags. 18. mars 2025, um samstarf Stafræns Íslands við sveitarfélög, vegna 5. liðar í 37. fundargerð stafræns ráðs sveitarfélaga.

Stjórn Sambandsins áréttar að það leggur mikla áherslu á mikilvægi aukins samstarfs ríkis og sveitarfélaga í stafrænum málum. Stjórn hefur áhyggjur af þeirri framtíðarsýn Stafræns Íslands sem birtist í fyrirliggjandi minnisblaði enda sé sú sýn ekki til þess fallin að ná árangri til framtíðar og tryggi ekki með fullnægjandi hætti aðkomu sveitarstjórnarstigsins að áframhaldandi samstarfi um stafræna þróun.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að taka málið upp í Jónsmessuefnd.

4. Fasteignaskattar sveitarfélaga - 2505004SA

Lagt fram minnisblað þróunarsviðs og aðalhogfræðings Sambandsins, dags. 23. maí 2025, um fyrirkomulag álagningar fasteignaskatts, álitamál og tillögur að úrbótum.

Stjórn þakkar fyrir minnisblaðið og felur starfsfólki að vinna málið áfram og leggja fyrir stjórn að nýju.

5. Fjármál sveitarfélaga - 2406004SA

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunarsviðs Sambandsins, dags. 26. maí 2025, um fjármál sveitarfélaga.

6. Áhrif uppbyggingar hátæknibrennslu - 2009109SA

Lagt fram til kynningar minnisblað Sambandsins, dags. 23. maí 2025, um áhrif uppbyggingar hátæknibrennslu.

Starfsfólki er falið að vinna að málinu áfram og leggja fyrir stjórn að nýju.

Hlé var gert á fundi kl. 12:15.

Fundi var haldið áfram kl. 14:10.

7. Viðmiðunarreglur um framlög sveitarfélaga til stjórnmalasamtaka - 2505015SA

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 22. maí 2025, um viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmalasamtaka, ásamt fylgiskjali.

Stjórn Sambandsins samþykkir viðmiðunarreglur um framlög sveitarfélaga til stjórnmalasamtaka.

8. Minnisblað um áform um endurskoðun sveitarstjórnarlaga - 2505014SA

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 22. maí 2025, um áform um endurskoðun sveitarstjórnarlaga, mál nr. S-88/2025.

9. Minnisblað um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga - skattlagning orkumannvirkja - 2505018SA

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 23. maí 2025, um áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga, skattlagningu orkumannvirkja, mál nr. S-89/2025.

10. Sóknaráætlanir landshlutanna - hvatning um aðkomu fleiri ráðuneyta - 2505017SA

Lagt fram minnisblað innviðaráðherra, menningar- og nýsköpunaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til ríkisstjórnar Íslands, dags. 20. maí 2025, aðkomu fleiri ráðuneyta til sóknaráætlunar landshluta.

Stjórn tekur undir efni minnisblaðsins um mikilvægi þess að fleiri ráðuneyti komi að sóknaráætlunum landshluta.

11. Starfshópur um endurskoðun á samþykktum Sambandsins - 2406023SA

Lagt fram minnisblað um skipan millipinganefndar um endurskoðun á samþykktum Sambandsins sbr. samþykkt XL. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 20. mars 2025.

Stjórnin samþykkir tillögu um skipan millipinganefndar sem hefur það hlutverk að fara yfir og, eftir þörfum, endurskoða samþykktir Sambandsins.

Í nefndina eru kjörin: Eypór Stefánsson, Svanfríður Jónasdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Gylfi Ólafsson og Einar Þorsteinsson. Jafnframt samþykkir stjórnin að fá Hugin Frey Þorsteinsson sem utanaðkomandi ráðgjafa til að leiða vinnu nefndarinnar. Að auki mun yfirlögfræðingur Sambandsins starfa með nefndinni. Nefndin skal skila niðurstöðum sínum til stjórnar í október 2025.

12. Menntunar- og velferðarnefnd Sambandsins - 2412009SA

Lagðar fram fundargerðir 1. og 2. fundar menntunar- og velferðarnefndar Sambandsins frá 19. mars og 9. apríl 2025.

13. Umhverfis- og innviðanefnd Sambandsins - 2412010SA

Lögð fram fundargerð 1. fundar umhverfis- og innviðanefndar Sambandsins frá 6. maí 2025.

14. Staða kjaramála - 2406015SA

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerir grein fyrir stöðu kjaramála í maí 2025.

15. Tilnefning í starfshóp um aðgerðaráætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðapjónustu - 2504027SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 16. maí 2025, þar sem Gunnar Jónsson, bæjarritari í Fjarðabyggð, er tilnefndur í starfshóp um aðgerðaráætlun fyrir sjúkraflutninga og bráðapjónustu 2026-2030.

Fundi var slitið kl. 15:00